

**Ed.** **224. Frumvarp til laga** [87. mál]  
um breyting á lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108 28. des. 1976.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur aðalstarfsstöð í Reykjavík eða nágrenni og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðherra.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Forseti Íslands skipar yfirmann rannsóknarlögreglu ríkisins og nefnist hann rannsóknarlögreglustjóri ríkisins.

Hann skal fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér þekkingar í þeim efnum, er varða eftirgrennslan brota.

Forseti skipar vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Skal hann fullnægja sömu skilyrðum og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins til skipunar í embætti. Vararannsóknarlögreglustjóri fer með vald rannsóknarlögreglustjóra í fjarveru eða forföllum rannsóknarlögreglustjóra eftir nánari ákvörðun hans.

Dómsmálaáðherra skipar annað starfslið rannsóknarlögreglu ríkisins, þ. á m. deildarstjóra og/eða fulltrúa með lögfræðiprófi.

3. gr.

1. mgr. 8. gr. orðist svo:

Þegar rannsóknarlögreglustjóri er svo riðinn við mál eða aðila, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Þegar ráðherra berst slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, skipar hann vararannsóknarlögreglustjóra eða annan löghæfan mann til meðferðar þess máls, sbr. 2. mgr. 2. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.